


Sungið á finnlandssænsku í Basel

Nú á dögunum völdu Svíar framlag sitt til Eurovision, lagið *Bara bada bastu* sem á íslensku gæti útlagst sem "Farðu bar'í sánu". Hljómsveitin sem flytur lagið, KAJ, er frá Austurbotni í Finnlandi eða nánar tiltekið frá Vörå sem er sveitarfélag nálægt Vasa. Lagið syngja strákarnir á sænskri mállýsku, enda eru þeir Finnlandssvíar og hafa því sænsku að móðurmáli.



Finnska og sænska í Finnlandi

Sænska á sér langa sögu í Finnlandi en hún hefur verið töluð í landinu í um átta hundruð ár. Sambýli finnsku- og sænskumælandi Finna hefur gengið vel. Rannsóknir hafa sýnt að enginn erfðafræðilegur munur er á hópunum tveimur og því aðeins tungan sem skilur þá að.

Sænska er opinbert tungumál í Finnlandi en það þýðir að sænskumælandi fólki á rétt á því að nota móðurmál sitt í öllum samskiptum við hið opinbera. Í dag eiga um 5,2% (290.000) íbúa Finnlands

sænsku að móðurmáli og búa langflestir þeirra við suðurströnd landsins, í Austurbotni og á Álandi. Á þessum svæðum eru reknir sænskir skólar.

Menningarlíf Finnlandssvíá hefur löngum verið blómlegt eins og velgengni KAJ er til vitnis um. Í Finnlandi eru gefin út dagblöð á sænsku og þar eru rekin sænsk leikhús og bókaforlög. Finnskir ráðamenn gera sér vel grein fyrir því hversu mikill styrkur felst í því að töluð séu tvö tungumál í landinu og ætlast er til þess að fólk í lykilstöðum geti tjáð sig á báðum málum. Alexander Stubb, núverandi forseti landsins, er með móðurmálsfærni bæði í finnsku og sænsku.

Sænska sem minnihlutamál

Í Vörå, þaðan sem strákarnir í KAJ koma, eru 82% íbúa sænskumælandi en aðeins 12% telja sig hafa finnsku að móðurmáli. Sveitarfélagið er skilgreint sem tvítyngt. Á slíkum stöðum er auðvelt að lifa "sænsku lífi". Íbúar geta talað sænsku þegar þeir fara út í búð og börnin þurfa ekki að fara langt til að sækja skóla eða áhugamál á sínu móðurmáli.

Löng hefð er fyrir miklum samskiptum við Svíþjóð. Íbúarnir í Austurbotni hafa t.d lengi fylgst með sænska sjónvarpinu. Margir íbúar í Austurbotni læra því finnsku frekar seint og sumir verða jafnvel aldrei mjög slepir í tungumáli meirihlutans. Algengt er að íbúar á svæðum þar sem sænska er ráðandi læri ekki finnsku fyrr en þeir fara að nálgast unglingsaldur. Það getur því verið mjög stórt skref fyrir Finnlandssvíá að flytja í stærri borg þegar farið er í nám.

Langflestir Finnlandssvíar búa þó á svæðum þar sem mikill meirihluti íbúa talar finnsku eins og til dæmis í Helsinki, eða Helsingfors á sænsku, þar sem aðeins 5,5% íbúa eru skráðir sem sænskumælandi. Þetta þýðir að stór hluti daglegs lífs fer fram á finnsku. Tala þarf finnsku í verslunum, úti á götu og við nágranna, vinnufélaga og vini. Af þessum sökum er algengt að sænskumælandi íbúar höfuðborgarsvæðisins séu mjög færir í finnsku og jafnvel tvítyngdir. Málfræðingar og kennarar hafa oft áhyggjur af því að ungir Finnlandssvíar á þessum stöðum fái ekki nægilega mikil tækifæri til að nota sænsku og að þetta geti haft neikvæð áhrif á móðurmálið.

Finnlandssænska og finnlandssænskar mállyskur

Það sem í daglegu tali er kallað finnlandssænska er í rauninni sænskur málstaðall, eða afbrigði af sænsku, sem notaður er í Finnlandi. Í formlegu ritmáli er lítill munur á sænsku í Finnlandi og Svíþjóð og til dæmis eru hvorki gerðar sérstakar orðabækur né ritreglur fyrir finnlandssænsku. Stundum má þó sjá orð í sænskum orðabókum sem merkt eru sem finnlandssænsk. Meiri munur er í talmáli og Svíar eiga ekki í vandræðum með að þekkja málhafa sem eru frá Finnlandi.

Það er þó mikil einföldun að tala um finnlandssænsku sem eitt tungumál því töluverður munur er á málnotkuninni milli landshluta og jafnvel á milli sveitarfélaga. Í sveitum landsins, sér í lagi í Austurbotni, eru talaðar mállyskur sem eru svo frábrugðnar staðalmálinu að þær geta í rauninni verið illskiljanlegar Finnlandssvíum af höfuðborgarsvæðinu. Munurinn felst ekki eingöngu í framburði heldur birtist hann líka í orðaforða, beygingum og setningagerð. Gömlu mállyskurnar eru t.d. oft með þrjú kyn eins og í íslensku. Venjuleg sænska hefur hins aðeins tvö: samkyn og hvorugkyn. Í textum KAJ má sjá ýmis mállyskueinkenni eins og fjallað er um í nýlegri grein eftir [Martin Person](#).

Í Finnlandi er ekki til siðs að tala eigin mállysku við fólk úr öðrum landshlutum og algengt er að þeir sem koma frá Austurbotni lagi sig að viðmælendum með því að skipta yfir í staðlaða sænsku. Enn

fremur heyrast mállýskurnar sjaldan á opinberum vettvangi, eins og til dæmis í fjölmiðlum, og nánast aldrei í skólum. Íbúar í Austurbotni sem alast upp við að tala mállýsku læra því ekki að lesa og skrifa á eigin móðurmáli heldur á staðlaðri sænsku. Undanfarin tuttugu ár hafa mállýskurnar þó fengið ákveðinn meðbyr því vinsælt er að nota mállýskur í samskiptum á netinu, t.d. á samfélagsmiðlum og í smáskilaboðum. Einnig á hljómsveitin KAJ stóran þátt í skyndilegum áhuga Svía á sænskum mállýskum í Finnlandi, ekki síst þeirri sem töluð er í Vörå í Austurbotni.

Kærkomið tækifæri til að kynna finnländssænska menningu

Í hugum Finnlandssvíá er sigur lagsins *Bara bada bastu* kærkomið tækifæri til að vekja athygli umheimsins, og ekki síst Svía, á tilvist sænskrar tungu í Finnlandi. Þótt Svíþjóð og Finnland séu nágrannar og eigi í nánnum samskiptum virðast margir Svíar ekki gera sér grein fyrir því að til sé fólk í Finnlandi sem hefur sænsku að móðurmáli. Fjölmargir Finnlandssvíar hafa upplifað það að fá hrós frá Svíum fyrir að tala góða sænsku, jafnvel þótt þeir hafi útskýrt fyrir þeim að sænska sé þeirra móðurmál og að þeir séu ekki mjög góðir í finnsku. Sumir Svíar ganga jafnvel svo langt að skipta yfir í ensku til að koma til móts við þá. Þetta hefur stundum valdið sárindum meðal Finnlandssvíá.

Á Íslandi er stundum talað um að finnländssænska sé sænska með finnskum hreim. Þeir sem kunna sænsku og finnsku eiga aftur á móti ekki í nokkrum vandræðum með að gera greinarmun á finnländssænskum framburði og finnskum hreim.

Bara bada bastu

Í laginu *Bara bada bastu* er verið að leika sér með klisjur um Finna og finnska menningu.

- Arja Saijonmaa er finnsk söngkona sem sungið hefur bæði á sænsku og finnsku.
- Í viðlaginu kemur finnska sögnin *heittää* 'henda' fyrir í samhenginu *heittää på* 'hentu á'. Finnsk tökuorð eru algeng í samtölum Finnlandssvíá, sérstaklega í óformlegum samskiptum ungs fólks.

Bara bada bastu

Nå jaa

Klockon slår, nu ere dags

All bekymber försvinder strax

Bästa båoti för kropp och själ

Fyra väggar i träpanel

(Oh, eh-oh, eh-oh) Vedin vår värmer lika bra

(Oh, eh-oh, eh-oh) Som tango me Arja Saijonmaa

Yksi, kaksi, kolme, sauna

Vi ska bada bastu, bastu, ångon åpp och släpp all stress idag

Bastubróder är je vi som glöder, hundra grader, nå jaa

Bara bada bastu, bastu, heittää på så sveittin bara yr

Oh, bada bastu, joo

Farðu bar'í sánu

Jæja

Klukkan slær, nú er komið að því
Allar áhyggjur hverfa brátt

Besta lækning fyrir líkama og sál

Fjórir veggir úr timbri
(Oh, eh-oh, eh-oh) Viðurinn vermir jafn vel
(Oh, eh-oh, eh-oh) og tangó með Arja Saijonmaa

Yksi, kaksi, kolme, sauna
Við ætlum að far'í sánu, sánu, eiminn upp og slökum á í dag

Gufubræður það erum við sem glóum, í hundrað gráðum, ó já

Bara far'í sánu, sánu, hentu á svo svitinn spretti fram

Oh, far'í sánu, já

Áhugaverðir tenglar

Martin Person. 2025. Nájaa! Våren 2025 charmas Europa av maskulina substantiv och nedslipade verb. *Språkbruk*. <https://sprakbruk.fi/artiklar/najaa-varen-2025-charmas-europa-av-maskulina-substantiv-och-nedslipade-verb/>

Myndir

Arkland, Wikipedia.
Fenn-O-maniC, Wikipedia.